

Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

skipulagssvid@akureyri.is

4. júlí 2024

Efni: Umsögn um tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, Glerártorg og nánasta umhverfi - VP6 og ÍB4

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu.

Athugasemdir Norðurorku hf. við skipulagslýsinguna:

Norðurorka mun setja skilyrði um kvaðir fyrir lagnir í öllum veitum.

Hitaveita:

Umrædd breyting gerir ráð fyrir töluverðu byggingarmagni og væri gott að fá áætlanir

Vatnsveita:

Færa þarf vatnsveitulögn sem liggur undir Gleráreyri þar sem hún lendir undir byggingareitum lóða 6 og 8. Færa þarf vatnsveitulögn. Einnig þarf að færa eða breyta lögn sem liggur frá Byggðavegi og inn að Gleráreyri sem lendir undir byggingareit.

Fráveita:

Fleyga þyrfti ofan í klappirnar til að koma fráveitu (skólp og regn) frá þessu svæði.

Steypt 300 lögn sem er til staðar annar ekki þessu byggingamagni.

Ljóst er að þetta er framkvæmanlegt en verulega kostnaðarsamt.

Rafveita:

Umrædd breyting gerir ráð fyrir töluverðu byggingarmagni á svæði þar sem yfirborðsfrágangi er að mestu lokið. Komi til þess að aflaukning verður með þeim hætti að núverandi rýmd ber ekki uppbyggingu á svæðinu við Glerárgötu 2-10 þá er rétt að afmarka lóð fyrir hefðbundna dreifistöð miðað út frá deiliskipulagi. Opna græna svæðið við gangstétt milli Gleráreyrar 4 og 6 gæti hentað við fyrstu skoðun. Dreifiveita leggur upp með að lóðarhafi geri grein fyrir sameiginlegri afláætlan fyrir svæðið við Gleráreyrar 2-10 svo hægt verði að skipuleggja og nýta framkvæmdir vel. Óskum eftir góðu samráði í tíma þar sem um er að ræða töluverðar breytingar, auk þess sem rýmd dreifikerfis er háð takmörkum.

Athygli er vakin á reglum sem gilda um lagnir í landi Akureyrarkaupstaðar (samb. 18.09.18) og finna má á heimasíðunni www.akureyri.is

Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu. www.map.is/no

Bestu kveðjur,

Bjarni Jósep Steindórsson
Sérfræðingur Teiknistofu Norðurorku.